

Í ljósi umræðu á nefndarfundum Félagsmála- og trygginganefndar þann 11 júní 2007 telur Lýðheilsustöð brýnt að koma eftirfarandi á framfæri.

Við kynningu á Munnís niðurstöðum hefur megin áhersla verið lögð á að norrænan samanburð en ekki samanburð á síðustu 10 árum og kemur í ljós að 2 fullorðinstennur eru að meðaltali skemmdar og þarfnast viðgerðar, eða hafa verið fylltar hjá 12 ára barna á Íslandi – sem er tvöfalt hærra tala en hjá samanburðarhópum í Svíþjóð. Hjá verst setta hópnum hér á landi eru tæplega 5 tennur skemmdar/fylltar.

Einnig er mikilvægast að horfa til framtíðar og markmiða heilbrigðisáætlunar til 2010 þegar niðurstaða Munnís er rædd. Samkvæmt markmiðum heilbrigðisáætlunar er stefnt að því að 12 ára börn hafi að jafnaði eina eða færri skemmda, viðgerða eða tapaða fullorðinstönn að meðaltali árið 2010. Ljóst er að mjög langt er í að það markmið náist.

Í greinargerð með kynningu á niðurstöðum Munnís er undirstrikað mikilvægi þess að önnur og nákvæmari aðferð er notuð við greiningu á tannáttu en í fyrri rannsóknum auk þess sem röntgenmyndir gera greiningu á skemmdum á hliðarflötum tanna betri. **Því liggja nú fyrir mjög áreiðanlegar upplýsingar um tíðni tannáttu hjá íslenskum börnum og og ungmennum þó upplýsingarnar séu ekki algerlega samanburðarhæfar við niðurstöður fyrri rannsókna á tannáttu hérlendis.**

Að lokum óskar Lýðheilsustöð eftir því að tannlæknir HTR, Helga Ágústsdóttir, eða Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir LHS verði kallaðar fyrir nefndarfund ef ræða á túlkun á Munnís eitthvað frekar.

---

Jakobína H. Árnadóttir  
MSc heilsusálfræði  
aðstoðarmaður forstjóra/general director's assistant  
Lýðheilsustöð/Public Health Institute of Iceland  
Laugavegur 116  
105 Reykjavík  
Tel: (+354) 5 800 909 / 8 400 909  
e-mail: jakobina@lydheilsustod.is